



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

5. árg. 4. tölublað. Apríl 2011.

EFNI:

Fóstureyðingar
á Norðurlöndum
2009 bls. 1

Skil gagna frá
sjálfstætt
starfandi læknum
á stofum 2010 bls. 2

Ritstjórn

Lilja Sigrún Jónsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

HEILBRIGÐISTÖLFRAÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

FÓSTUREYÐINGAR Á NORÐURLÖNDUM 2009

Skýrslan *Induced abortions in the Nordic countries 2009* kom út fyrir skömmu, en þar er að finna samanburð á fjölda fóstureyðinga á Norðurlöndunum fram til ársins 2009.

Um 80.900 fóstureyðingar voru framkvæmdar á Norðurlöndum árið 2009, 37.500 í Svíþjóð, 16.200 í Danmörku, 15.800 í Noregi, 10.400 í Finnlandi og 970 á Íslandi. Samanlagður fjöldi fóstureyðinga á Norðurlöndunum hefur verið nokkuð stöðugur upp á síðkastið en þó aukist lítillega undanfarinn áratug, eða úr 72.500 árið 1999 í 80.900 árið 2009.

Fóstureyðingar miðað við 1.000 lifandi fædda

Nokkur munur er á milli Norðurlandanna hvað varðar fjölda fóstureyðinga á hverja 1.000 lifandi fædda. Í Svíþjóð voru framkvæmdar hlutfallslega flestar fóstureyðingar árið 2009, 335 á hverja 1.000 lifandi fædda en færstar í Finnlandi, 172 á hverja 1.000 lifandi fædda. Á Íslandi voru hins vegar framkvæmdar 193 fóstureyðingar á hverja 1.000 lifandi

fædda, sem er heldur meira en í Finnlandi en nokkuð minna en í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Sé tekið mið af 1.000 lifandi fæddum þá hefur fóstureyðingum fækkað nokkuð á Íslandi undanfarinn áratug, úr 228 árið 1999 í ríflega 193 árið 2009.


Fóstureyðingar miðað við 1.000 konur 15–49 ára

Fóstureyðingar miðað 1.000 konur á aldrinum 15–49 ára voru færstar í Finnlandi (8,9) árið 2009 en flestar í Svíþjóð (17,8). Tölurnar fyrir Noreg eru hins vegar nálægt hinu norræna meðaltali (14,1) en aðeins lægri fyrir Danmörku (12,9) og Ísland (12,4).


Aldursdreifing er svipuð á öllum Norðurlöndunum. Þannig eru fóstureyðingar algengastar meðal kvenna á aldrinum 20–24 ára en hlutfallslega færstar konur í elsta aldurshópnum, 45–49 ára, gangast undir fóstureyðingu. Öll Norðurlöndin eiga þetta sammerkt. Greina má nokkra breytingu í þróun fóstureyðinga meðal ungra kvenna,

(Framhald bls. 2)

Fóstureyðingar á Norðurlöndum 2009 miðað við 1.000 lifandi fædda



Í Svíþjóð voru framkvæmdar hlutfallslega flestar fóstureyðingar á Norðurlöndum árið 2009 en næstfæstar á Íslandi.



undir 20 ára, en undanfarinn áratug hefur fóstureyðingum í þessum aldurshópi farið heldur fækkandi í Finnlandi, Íslandi og Noregi. Á Íslandi er fækkunin umtalsverð en árið 2009 gengust 12 konur á hverjar 1.000 í aldurshópnum 15–19 ára undir fóstureyðingu miðað við 21 konu í sama aldurshópi árið 1999.

Þegar gerður er samanburður á fjölda framkvæmdra fóstureyðinga á Norðurlöndum er vert að hafa í huga að mismunandi skilyrði liggja til grundvallar í hverju landi fyrir sig áður en aðgerð er framkvæmd. Þannig er í Svíþjóð heimilt að fara í fóstureyðingu fram að 19. viku meðgöngu en á hinum Norðurlöndunum er miðað við að slíkar aðgerðir skuli ekki

framkvæmdar eftir 12 vikna meðgöngu. Fóstureyðingar eru þó heimilaðar af læknisfræðilegum ástæðum eftir 12–18 vikna meðgöngu og þá í kjölfar álits sérfræðinga. Þá geta þungaðar konur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð ákveðið að fara í fóstureyðingu upp á eigin spýtur en í Finnlandi og á Íslandi verður að liggja fyrir rökstudd greinargerð læknis og/eða félagsráðgjafa áður en aðgerð er framkvæmd.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Á öllum Norðurlöndunum eru fóstureyðingar algengastar meðal kvenna á aldrinum 20–24 ára.

SKIL GAGNA FRÁ SJÁLFSTÆTT STARFANDI LÆKNUM Á STOFUM 2010

Í byrjun febrúar síðastliðins óskaði landlæknir eftir því við sjálfstætt starfandi lækna á stofum að þeir skiluðu tilteknum gögnum úr sjúkraskráum um samskipti sín við sjúklinga 2010. Erindið var sent til þeirra 432 lækna sem voru skráðir hjá landlækni sem rekstraraðilar í heilbrigðisþjónustu árið 2010. Hluti þessara lækna veittu heilbrigðisþjónustu á fleiri en einu aðsetri þannig að alls voru starfsstöðvar þeirra 547 á árinu.

Í lok mars höfðu landlækni borist gögn frá 253 læknum (46%) tengdum tilteknum

aðsetrum þar sem heilbrigðisþjónusta var veitt 2010. Svör bárust frá 31 lækni (6%) með skýringum um að gögn frá 2010 og tengdust tilteknu aðsetri myndu ekki berast landlækni að svo komnu. Læknar tengdir 263 aðsetrum (48%) þar sem heilbrigðisþjónusta mun hafa verið veitt 2010 höfðu ekki brugðist við erindi landlækni í lok mars á þessu ári.

Skil á gögnum frá læknum sem starfa á stofum eru nú betri en verið hefur undanfarin ár. Til samanburðar bárust gögn

Framh. bls. 3

Skil á gögnum frá læknum sem starfa á stofum eru nú betri en verið hefur undanfarin ár.



frá 97 læknum (22%) tengdum tilteknum aðsetrum þar sem heilbrigðisþjónustan var veitt 2009. Þá bárust svör frá 35 læknum (8%) með skýringum um að gögn frá 2009 er tengdust tilteknu aðsetri myndu ekki berast landlækni að sinni. Læknar tengdir 305 aðsetrum (70%) þar sem heilbrigðisþjónusta mun hafa verið veitt 2009 brugðust ekki við erindi landlæknis.

Fleiri læknar hafa nú aðgang að rafrænu sjúkraskrárkerfi á starfsstofum en áður og því er orðið algengara að þeir færi upplýsingar sjúklings í rafræna sjúkraskrá á því formi sem fyrirmæli landlæknis um lágmarksskráningu sjúkraskrárupplýsinga kveða á um. Því væntir landlæknir þess að læknar á stofum muni í framtíðinni eiga auðveldara með að skila tilteknum gögnum á rafrænan hátt en verið hefur fram að þessu.

Hanna Ásgeirsdóttir